

um vatnsöflun í Vestmannaeyjum.

Flm.: Unnar Stefánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka í samráði við bæjarstjórn Vestmannaeyja, hvornig heppilegast sé að leysa til frambúðar vandamál vatnsöflunar í Vestmannaeyjum.

Greinargerð.

Andrúmsloftið hefur um skeið verið mengað eiturefnum eftir risakjarnorkusprengingar Rússa við Norður-Íshaf aðeins 700—900 km frá Íslandi. Kjarnageislun er að vísu hvarvetna geigvænleg, en eitt byggðarlag hérlendis, Vestmannaeyjar, býr þó við algera sérstöðu, þar sem regnvatn af húspökum er notað til almennrar neyzlu. Kjarnageislun í regnvatni hefur aukizt geipilega við þessar sprengingar. Á fyrri helmingi seinasta árs mældist hún 2 til 8 pico Curie/líttra (mælieiningar), en það sem af er þessu ári 440 til 481 pico Curie/líttra, samkvæmt upplýsingum frá Eðlisfræðistofnun háskólans, sem fær vikulega send sýnishorn af vatni frá Vestmannaeyjum. Búið er við, að geislun aukist enn vegna rykskjáa, sem yfir ber úr háloftum, og er þá ekki gert ráð fyrir áframhaldi á sprengingum, sem því miður virðast horfur á að verði vegna andstöðu Rússa við raunhæft eftirlit með alþjóðlegri afvopnun. Fari svo, að kjarnageislun aukist að ráði í vatni, er talið óhjákvæmilegt að hanna neyzlu regnvatns af húspökum, sem oft er blandað loft-ryki. Óþarft er að geta um þá hættu, sem yrði, ef ófrið bæri að höndum.

Þessi nýju viðhorf valda vaxandi áhyggjum og beina jafnframt athygli að öðrum þætti málsins, því ástandi, að sjór skuli vera notaður við fiskvinnslu í Vestmannaeyjum, þar sem verulegur hluti af heildarmagni útfluttra sjávarafurða er verkaður. Meðan svo er að sjór er tekinn skammt frá hafnarmynni til fiskþvotta, vofir stöðugt yfir viss hættu. Matvælaeftirlit í sumum ríkjum fiskkaupenda okkar gerir stöðugt strangari kröfur um hreinlæti í meðferð innfluttra matvæla, og eru sýnishorn af þeim rannsökuð nákvæmlega. Finnist skaðlegir sýklar í íslenskum fiski, mundi afleiðing þess geta varðað allan fiskútflutning landsmanna. Hér er því um að ræða alvarlegt mál, sem tvímælalaust er í verkahring ríkisvaldsins. Auk þessara ástæðna er skortur á fersku vatni til almennra heimilisnota orðinn svo tilfinnanlegur í Vestmannaeyjum, að leita verður varanlegra úrræða.

Þrjár leiðir koma þar til greina:

I. **Lagning vatnsveitu úr landi.** Bæjarverkfræðingurinn, Þórhallur Jónsson, hefur þegar gert áætlun um þá framkvæmd og telur heildarkostnað um 34 millj. kr. Er þá gert ráð fyrir að stífla Leitísá, sem er bergvatnsá, við Seljaland undir Eyjafjöllum, 10,5 km frá ströndinni, leggja pípur úr plastefni 13,5 km vegalengd í sjó og reisa loks dælistöð og vatnsgeymi á Heimaey.

II. **Djúpborun eftir vatni.** Gerð hefur verið tilraun með leit að vatni á Heimaey með ófullkomnum jarðbor, en án árangurs. Reynsla, sem fengizt hefur á Reykjanes-skaga, bendir til, að hugsanlegt sé, að með djúpborun megi finna jarðvatn, en til þessa verks þyrfti að nota jarðbor ríkisins og Reykjavíkurborgar. Ef jarðfræðingar telja líkindi til, að slík tilraun geti borið árangur, væri þessi lausn öruggari en leiðsla úr landi og ef til vill hagkvæmari, og ber að meta það.

III. **Vinnsla vatns úr sjó.** Á allra seinustu árum hefur átt sér stað ör tæknipróun í vinnslu vatns úr sjó, og hafa uppfinningar á nýjum framleiðsluaðferðum gert hana kostnaðarminni en áður. Er þessi leið farin í mörgum borgum erlendis, sem eiga við sama vanda að glíma. Magnús Magnússon póst- og símstöðvarstjóri í Vestmannaeyjum hefur í blaðgrein vakið athygli á þessu. Er nauðsynlegt, að kannað verði til þrautar, hvort unnt væri að hagnýta slíkar tækninýjungar, og þá jafnvel stofna til saltvinnslu, með því að ódýr raforka sem aflgjafi er fyrir hendi.

Eðlilegt virðist að telja, að ríkisstjórnin feli sérmenntuðu starfsliði í stofnunum sínum að kanna þær leiðir, sem hér hafa verið nefndar, og gera á þeim vísindalegan samburð, enda á ríkissjóður verulega hagsmuni bundna við farsæla lausn, þegar til framkvæmda kemur, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna. Að sjálfsögðu ber að hafa um alla framkvæmd náð samstarf við bæjarstjórn og hagnýta þær upplýsingar, sem fyrir hendi eru um málið. En aðkallandi er, að niðurstöður fáið hið allra fyrsta, og er því tillagan fram borin.